

Mótanefnd Borgfirðings var mjög virk á árinu og voru haldin 9 mót fyrir félagið, 3 KB mót, og þar var byrjað að hafa aftur liðakeppni ásamt einstaklingskeppni og mældist það mjög vel fyrir. Einnig voru haldin kvennatölt, grímutölt, þrautabrautarmót, íþróttamót, gæðingamót og svo tvöföld úrtaka.

Fyrirtæki voru dugleg að styrkja okkur og erum við mjög þakklátt er styrkir frá fyrirtækjum nauðsinleg til að hægt sé að halda mót. Þeir sem styrktu mótastarfi í ár voru Kaupfélag Borgfirðinga, Grillhúsið, Nettó, Lífland og Borgarverk. Reynt var að halda kostnaði niðri eins og kostur er og bjó nefndin sjálf til verðlaun fyrir grímutöltið og þrautabrautina. Viljum við einnig sérstaklega þakka þeim sjálfboðaliðum sem komu og unnu á mótum með vinnuframlagi án þeirra er ekki hægt að halda mót.

- Mótanefnd.